

Ársskýrsla FÍLD starfsárið 2020-2021

Dags.31.01.2021

Stjórn FÍLD: Formaður: Irma Gunnarsdóttir. Gjaldkeri: Guðmundur Helgason. Ritari: Guðmunda Pálmaðóttir. Meðstjórnandi: Sigrún Ósk Stefánsdóttir. Meðstjórnandi: Ingunn Elísabet Hreinsdóttir. Varamaður: Lovísa Ósk Gunnarsdóttir. Varamaður: Sigríður Soffía Níelsdóttir.

FÍLD á fulltrúa í eftirtöldum stofnunum/bandalögum:

- Bandalag Íslenskra Listamanna: Irma Gunnarsdóttir.
- SAFAS – Samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum innan SSÍ: Irma Gunnarsdóttir.
- SSÍ - Sviðslistasamband Íslands: Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Guðmundur Helgason.
- Fulltrúaráð Listahátíðar í Reykjavík: Irma Gunnarsdóttir. Varamaður: Ólöf Ingólfssdóttir.
- Gríman - Íslensku Leiklistarverðlaunin: Einn fulltrúi í Grímunefnd.

Um SAFAS

SAFAS er nýr samráðsvettvangur fagfélaga í sviðslistum innan SSÍ, stofnaður síðastliðið haust í kjölfar nýrra laga um sviðslistir. Með tilkomu SAFAS og nýrra laga um starfsemi Íslenska dansflokkssins er nú skipað í Listdansráð íd á samsvarandi hátt og í þjóðleikhúsráð en SAFAS skipar einnig í Sviðslistaráð, sjá nánar lög um sviðslistir, <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2019165.html>.

Fulltrúar í Listdansráði Íslenska dansflokkssins skipaðir af SAFAS

Aðalfulltrúar: Ólöf Ingólfssdóttir og Guðmundur Helgason.

Varafulltrúar: Katrín Johnson og Ólafur Darri Ólafsson.

Formaður listdansráðs, skipaður af menntamálaráðherra:

Sigríður Soffía Níelsdóttir.

Aðalfundur FÍLD var haldinn 26.janúar 2020.

Stjórnarkjör: Guðmundur Helgason var endurkjörinn sem gjaldkeri. Fráfarandi stjórnarmeðlimir voru Bryndís Einarsdóttir meðstjórnandi og Valgerður Rúnarsdóttir varamaður. Núverandi stjórn þakkar þeim fyrir óeigingjörn störf í þágu félagsins. Sigrún Ósk Stefánsdóttir var kjörin meðstjórnandi og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir sem varamaður. Sigríður Soffía Níelsdóttir tók við af Sigrúnu Ósk Stefánsdóttur sem varamaður til eins árs (klárar tímabil Sigrúnar Óskar sem átti eitt ár sem varamaður).

Stjórnarfundir voru að venju haldnir mánaðarlega yfir árið, bæði í raunheimum og á zoom en einnig var mikið fundað þar fyrir utan í tengslum við skólamál listdansins á árinu. Stjórn heldur úti samskiptasíðu á facebook og er tölvupósturinn einnig virkur í stjórnarsamskiptum.

FÍLD á vettvangi SSÍ

Gríman 2020 - Ingibjörg Björnsdóttir hlaut heiðursverðlaun Grímunnar í ár.

Nokkrir fundir voru haldnir á árinu hjá Sviðslistarsambandi Íslands. SSÍ stóð fyrir Grímuhátíð að venju og var hátíðin haldin með pompi og prakt í beinni útsendingu á RÚV þann 15.júní 2020. Heiðursverðlaunahafi Grímunnar í ár kom úr röðum danslistar sem er mjög gleðilegt en það var Ingibjörg Björnsdóttir sem hlaut verðlaunin og er hún vel að heiðrinum komin. FÍLD óskar henni innilega til hamingju!

SSÍ stóð að stofnun SAFAS síðastliðið haust. Stjórn SAFAS skipa formenn fagfélaga í sviðslistum innan SSÍ en auk þess að skipa í hin ýmsu ráð skv. sviðslistalögum þá er vettvangurinn einnig ætlaður til að vinna að sameiginlegum hagsmunum sviðslistafólks á breiðum grunni. Hlutverk SAFAS er í mótu og mun hlutverk SSÍ breytast að einhverju leiti með tilkomu SAFAS.

Kjaramál dansara og danshöfunda

FÍLD hefur átt í góðu samstarfi við FÍL – stéttarfélag sviðslistafólks síðastliðin ár. Fjölgæð hefur verulega í 7.deild FÍL en þar er unnið hörðum höndum að því að koma á kjarasamningum fyrir dansara og danshöfunda við sviðslistastofnanir landsins.

Dansrarar eiga nú í fyrsta sinn aðild að kjarasamningum við Þjóðleikhúsið

Þann 20.júní 2020 voru undirritaðir nýjir kjarasamningar milli ríkis, Þjóðleikhússins og FÍL. Í fyrsta sinn eiga nú dansrarar aðild að kjarasamningum FÍL við Þjóðleikhúsið en skv. bókun 6 í samningum leikara gilda sömu kjör fyrir dansara og leikara við stofnunina, <http://www.fil.is/wp-content/uploads/2014/11/Leikraf%C3%A9lag-%C3%8Dslands-og-fj%C3%A1rmalar%C3%A1%C3%B0herra-j%C3%BA%C3%ADAD-2020.pdf>

Engir kjarasamningar eru til fyrir danshöfunda en verið er að vinna í málunum á vettvangi FÍL með stuðningi frá FÍLD og DFÍ.

Ennþá er ósamið við Borgarleikhúsið og MAK um laun fyrir dansara í sýningum leikhúsanna en samningaviðræður hafa verið í gangi og athygli hefur verið vakin á kjaramálum dansara og danshöfunda sem starfa við leikhúsin. Samningaviðræður eru einnig í gangi við Íslenska dansflokkinn vegna kjarasamninga fyrir danshöfunda.

Ályktun frá hagsmunasamtökum danssamfélagsins á Íslandi var send á allsherjarnefnd Alþingis í byrjun árs. Aðalfundur 7.deildar FÍL var haldinn 5.janúar síðastliðinn þar sem ályktað var um kjaramál dansara og danshöfunda. Ályktunin var send á allsherjarnefnd Alþingis með stuðningsfirlýsingum frá FÍLD og DFÍ. Í ályktuninni eru ráðamenn hvattir til að bæta úr stöðu dansara og danshöfunda innan þeirra sviðslistastofnana sem njóta stærstu fjárhæða úr sameiginlegum sjóðum landsmanna. Í ályktuninni er kallað eftir bættum aðbúnaði og kjörum fyrir dansara og danshöfunda og farið fram á að danshöfundum verði tryggt viðunandi endurgjald fyrir höfundaverk sín og vinnu í samræmi við annað sviðslistafólk **með gerð kjarasamninga á jafnréttisgrundvelli.**

SSÍ og SAFAS vinna einnig stofnun Sviðslistamiðstöðvar Íslands í samstarfi við mennta- og menningarráðuneytið og starfandi starfshóp um verkefnið.

FÍLD á vettvangi BÍL

Formaður FÍLD sækir mánaðarlega stjórnarfundi BÍL og er þar talsmaður listdansmála. BÍL starfar skv. starfsáætlun stjórnar þar sem áhersla er á samtal og samráð um málefni listamanna og listgreina við aðila sem stýra málaflokknum hjá ríki og borg. **Forseti BÍL ásamt stjórnarmeðlimum úr BÍL hafa átt samráðfundi með menntamálaráðherra** á árinu vegna ástandsins sem skapast hefur á vinnumarkaði listamanna á tínum Covid. Afrakstur þessara funda hefur m.a. birst í fjölgun listamannalauna á árinu auk þess sem samráð var haft við BÍL í tengslum við frumvarp til laga um tekjufallsstyrki.

Samráðsfundur BÍL og borgarstjóra fór fram í fjarfundarformi á zoom þann 5.nóvember. Á fundinum töluðu formenn FÍL og FÍLD fyrir bættum kjörum danslistarfólks. Vakin var athygli á að jafnlaunastefna Reykjavíkurborgar er virt að vettugi í Borgarleikhúsinu þar sem kjör danslistarfólks í Borgarleikhúsinu eru ekki sambærileg kjörum annarra stéttu sviðslistafólks í húsinu. Félögin kalla eftir aukinni fjárhagsábyrgð frá Reykjavíkurborg, styðja þarf betur við starfsemi Borgarleikhússins svo hægt sé að greiða öllu sviðslistafólkí hússins laun á jafnréttisgrundvelli. Formaður FÍLD vakti athygli á stöðu grunnnaðs í listdansi enn og aftur en málið hefur ítrekað verið tekið upp við yfirvöld menntamála hjá ríki og borg á undanförnum árum, því miður án teljandi árangurs. Borgarstjóri bíður enn eftir regluramma frá ríkinu vegna greiðslufyrirkomulags með grunnnaði í listdansi. Meðan enginn reglurammi er til, er enginn vilji til að taka málið upp af alvöru á sveitarstjórnarstigini.

Fjölgun listamannalauna en hlutur til dans- og danstengdra verka er minni í ár en áður

Það lítur út fyrir að hlutur til danslistarfólks við síðustu úthlutun úr starfslaunasjóðum sviðslista hafi ekki verið minni í áratug þrátt fyrir verulega aukningu fjármagns til sjóðanna í ár v. Covid-19. Það er meðlimum í FÍLD og DFÍ mikið áhyggjuefnir. Danslistarfólk er ósátt við niðurstöðu úthlutunarnefnda en erindi hafa borist FÍLD og DFÍ þess efnis þar sem óskað er eftir að málið verið tekið til skoðunar. Krafist er aukins gagnsæis og jafnræðis og að farið verði yfir verkferla úthlutunarnefnda í starfslaunasjóðum sviðslista. Erfitt er fyrir danslistarfólk að una niðurstöðu

úthlutunarnefnda án skýringa. FÍLD ásamt DFÍ hafa sent erindi til SAFAS – samráðsvettvangs fagfélaga í sviðslistum og fundað á þeim vettvangi um málið. Ábendingum danslistarfólks var komið á framfæri og er skemmt frá því að segja að SAFAS mun taka málið upp við stjórn listamannalauna á næstunni sem og í sviðslistaráði. SAFAS fer fram á aukið gagnsæi og að jafnraðis verði gætt í meðferð umsókna við úthlutun úr starfslaunasjóðum sviðslista. Kallað er eftir tölfraðiupplýsingum um skiptingu á tegundum sviðsverka í umsóknum þ.e. dansverk, leikverk, brúðuleikhús, barnasýning, ópera o.s.frv. og að þær upplýsingar verði gerðar sýnilegar. Ræddar verða tillögur að bættum verkferlum úthlutunarnefnda, fara þarf yfir matskerfi og möguleika á endurgjöf/stigagjöf með skýringum til umsækjenda. Einnig verður farið fram á að fagaðili danslistar sitji í úthlutunarnefnd eða skilyrt að úthlutunarnefndir leiti sérfræðiálits fagaðila í danslist við mat á umsóknum frá danslistarfólki. Málið er því komið í ferli skv. óskum frá danslistarfólki innan FÍLD og DFÍ, unnið verður að úrbótum á næstunni. Málið verður einnig tekið upp innan BÍL og þá í breiðara samhengi.

Styrkir með grunnnám í listdansi

Þann 14.júlí síðastliðinn fór fram fundur í menntamálaráðuneytinu með menntamálaráðherra, formanni FÍLD og skólastjórnendum listdansskóla sem bjóða listdansnám á framhaldsskólastigi skv. þjónustusamningi við ríkið. Á fundinum voru málefni grunnnáms í listdansi rædd og mikilvægi þess að koma á greiðslum með grunnnámi í listdansi þar sem ekki er forsenda fyrir því að bjóða nám á framhaldsskólastigi án grunnnáms. Ráðherra lofaði að liðka fyrir því að viðræður gætu hafist sem fyrst á sveitastjórnarstiginu en lítið hefur samt þokast í þá átt, því miður. Formaður FÍLD hefur fylgt málinu eftir með bréfaskrifum og tölvupóstum til ráðherra og sérfræðinga ráðuneytisins, svör sem fengist hafa er að málið sé í vinnslu. Einnig hafa verið send erindi á formann SÍS- samband ísl. sveitarfélaga og skólamálayfirvöld hjá Reykjavíkurborg. Covid ástandið hefur tafið mörg mál í stjórnsýslunni og hefur verið erfitt að þoka málum grunnnámsins áfram í ástandinu. Fjárhagsleg staða sveitarfélaga er erfiðari núna vegna Covid og benda sveitarfélögin í sífelli á ábyrgð ríkisins er kemur að lagaumgjörð og greiðslum með grunnnámi í listdansi sem kennt er skv. aðalnámsskrá. Þess má geta að nú er unnið í að innleiða nýja menntastefnu Reykjavíkurborgar. Stefnan er framtíðarsýn og stefna til næstu 10 ára á sviði menntamála hjá borginni. Formaður FÍLD hefur verið skipaður sem fulltrúi BÍL í framtíðarhóp Reykjavíkurborgar um innleiðingu nýrrar menntastefnu. Áætlað er að framtíðarhópurinn taki til starfa í febrúar. Hvergi er minnst á dansnám í áformum um innleiðingu á nýrrri menntastefnu borgarinnar en stefnan kveður á um aukið vægi list- og verkgreina í menntun barna. Nálgast má nýja menntastefnu á vef Reykjavíkurborgar.

Nýjir samningarnir v. kennslu á framhaldsskólastigi litu dagsins ljós á árinu

Samningar við listdansskólana vegna kennslu framhaldsskólastigs í listdansi runnu út síðastliðið vor. Til stóð að ljúka gerð nýrra samninga og undirrita þá vorið 2020 en ferlinu seinkaði vegna Covid og fleiri þátta. Fjöldi funda og fjarfunda voru haldnir með skólastjórnendum listdansskólanna, MH og sérfræðingum ráðuneytisins um málið sem

og með ráðherra og bundu skólastjórnendur og stjórn FÍLD miklar vonir við nýja samninga. Unnið var áfram í ráðuneytinu síðasta sumar við að ljúka samningagerðinni og voru nýjir samningar loks kynntir fyrir skólastjórnendum listdansskólanna í júlí. Samningarnir voru síðan undirritaðir við upphaf nýs skólaárs, seinni partinn í ágúst. Nýju samningarnir eru mikil vonbrigði þar sem síðastliðið vor hafði ráðherra lofaði verulegri hækkan á fjárframlagi til námsins sem síðan ekki gekk eftir nema að litlu leiti. Heildarframlag til framhaldsskólastigs í listdansi hækkaði þó lítillega þ.e. úr 135,5 milljónum í 143 milljónir. Styrkfjárhæðin er bundin til næstu 3ja ára. Um fasta fjárhæð er að ræða sem ekki fylgir verðlags- og launaprórun í landinu. Lítið annað var í boði fyrir skólastjórnendur en að undirrita nýju samningana. Skólastjórnendur lýstu yfir miklum áhyggjum og voru ósáttir við niðurstöðu samninga en skrifuðu þó undir. Ljóst varð að róðurinn yrði áfram mjög þungur og nýjir samningar engin framtíðarlausn. Fjármagnið er engan veginn nægjanlegt til skiptanna á milli þriggja skóla.

Skipting fjárframlags milli þriggja skóla skv. þjónustusamningi við ríkið

Heildarfjárhæð er 143 [m.kr.](#) og skiptist í þrennt.

1. 83 [m.kr.](#) til styrktar nútímalistdansbrautar
2. 45 [m.kr.](#) til styrktar klassískrar listdansbrautar
3. 15 [m.kr.](#) í rekstrarstyrk

Styrkjum vegna liðar 1. og 2. er skipt niður til listdansskóla á grundvelli ársnemendafjölda - Ársnemandi er nemandi sem klárar a.m.k. 28 einingar á skólaári. Rekstrarstyrk er deilt jafnt á milli skóla. Listdansskólar geta að hámarki fengið greitt fyrir 30 ársnemendur á hvorri braut fyrir sig.

Ríflega 70% nemenda eru á nútímalistdansbraut, skýrir það ójafna skiptingu fjármagns á milli brauta. Samningarnir ná til Listdansskóla Íslands, Klassíkska Listdansskólans og Danslistarskóla JSB og er námið kennt í samstarfi við Menntaskólanum í Hamrahlíð. Heildarfjöldi nemenda á framhaldsskólastigi við listdansskólana þrjá eru á bilinu 80 - 90 nemendur.

Núverandi samningar eru engin framtíðarlausn á fyrirkomulagi námsins í menntakerfinu. Ný reikniregla á skiptingu fjármagns v. kennslu á framhaldsskólastigi er alveg úr takt við greiðslufyrirkomulag ríkisins með öðru námi til stúdentsprófs. Rekstur listdansskólanna er áfram ótryggur, listdanskennarar búa nú sem fyrr við 50 – 100% lægri laun en framhaldsskólakennarar sem kenna bóknámshluta náms á listdansbraut. Fjármagn sem ætlað er í rekstrarstyrk vegna skólaskrifstofu og reksturs á kennsluhúsnaði er í engu samræmi við umfang og þarfir dansnámsins. Ljóst er að leita þarf nýrra leiða á fyrirkomulagi námsins. Skapa þarf listdansnemum og þeim sem byggja upp listdansmenntunina í landinu betri aðbúnað og bjartari framtíð.

Nýstúdent af listdansbraut MH fékk viðurkenningu frá FÍLD fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum

Á vordögum fór fram útskrift frá MH að venju. Fjölmörg fagfélög veita nýstúdentum bókarverðlaun og viðurkenningar fyrir námsárangur á stúdentsprófi og hefur FÍLD veitt slík verðlaun undanfarin fjögur ár. Það var *Marta Ákadóttir* nýstúdent af listdansbraut MH sem hlaut viðurkenningu FÍLD síðastliðið vor. Fékk hún ævisögu Helga Tómassonar að gjöf fyrir framúrskarandi námsárangur í listdansgreinum og heillaóskir frá félagini.

Söguritunarsjóður FÍLD

Árið 1998 var stofnaður söguritunarsjóður FÍLD vegna bókaútgáfu á íslenskri listdanssögu. Sjóðurinn hefur staðið óhreyfður í 20 ár en í honum eru 1.400.000 kr. Fjármagnið er ætlað í útgáfu á bókinni. Árni Ibsen heitinn hóf ritun á sögunni en við fráfall hans tafðist verkefnið um nokkur ár. Bókin er nú í smíðum hjá Ingibjörgu Björnsdóttur. Vonir standa til að hægt verði að gefa bókina út á vormánuðum 2022 í tilefni af 75 ára afmæli FÍLD og 50 ára afmæli íslenska dansflokkssins.

SÓLÓ undankeppnin í klassískum listdansi freast til 21.febrúar 2021.

Aðalkeppnin Prix du Nord fer fram í Gautaborg í júní næstkomandi ef Covid leyfir.

FÍLD hefur á undanförnum árum staðið fyrir SÓLÓ undankeppni í klassískum listdansi fyrir aðalkeppnina Stora Daldansen sem haldin hefur verið í Falun í Svíþjóð. Nú hefur keppnin verið flutt til Gautaborgar og hefur hún einnig skipt um nafn. Keppnin heitir nú Prix du Nord. Undankeppnin er mikil lyftistöng fyrir klassísku listdansinn hérlandis og er hún mikilvægur vettvangur fyrir íslenska listdansnema til þess að spreyta sig á krefjandi sólóhlutverkum klassískra ballettverka. Þátttökurétt í undankeppnina hafa 16 ára og eldri listdansnemar í listdansskólum innan Félags íslenskra listdansara. Aðalkeppnin Stora Daldansen féll niður 2020 v. Covid og engin undankeppni fyrir 2021 fór fram á vegum FÍLD haustið 2020 vegna ástandsins. Nú er áætlað að halda Prix du Nord í júní 2021 og hefur FÍLD því ákveðið að halda undankeppnina SÓLÓ þann 21.febrúar á Nýja sviði Borgarleikhússins. Nýtt fyrirkomulag verður prufukeyrt á SÓLÓ en vegna samkomutakmarkana verður takmarkaður sætafjöldi fyrir áhorfendur í sal en beint streymi verður í boði frá viðburðinum. Áhorfendur hafa því val um að kaupa sér aðgöngumiða í sal eða ódýrarí miða með aðgang að streymi. Borgarleikhúsið hyggst bjóða listdansskólum upp á slíkt fyrirkomulag á nemendasýningum skólanna í vor. SÓLÓ undankeppnin verður prufukeyrsla á fyrirkomulaginu.

Barnamenningarhátíð 2020 féll niður. Stefnt er að veglegri hátíðarsýningu listdansskólanna þann 20.apríl næstkomandi í Eldborgarsal Hörpu.

Árleg hátíðarsýning FÍLD sem til stóð að halda á opnunardegri Barnamenningarhátíðar Reykjavíkur 2020 féll niður vegna Covid. Stefnt er að hátíðarsýningu í Eldborgarsal Hörpu þann 20.apríl næstkomandi ef ástandi vegna Covid leyfir. Sýningin verður glæsileg að vanda en reiknað er með þátttöku fjölda nemenda úr listdansskólum innan FÍLD.

Hátíðarsýning listdansskólanna verður að öllum líkindum kl.17 þriðjudaginn 20.apríl.

DANSSTEFNA 21/31

Á aðalfundi FÍLD 2020 var skipað í undirbúningsnefnd vegna útgáfu á nýrri dansstefnu en Dansstefnan 10/20 er nú útrunnin og kominn tími til að vekja nýja drauma og framtíðarsýn í takt við þarfir nýrra tíma. Í undirbúningsnefndinni eru þær Ólöf Ingólfssdóttir, Sigrún Ósk Stefánsdóttir, Inga Maren Rúnarsdóttir og Hrafnhildur Einarsdóttir. Vegna Covid hefur stefnumótunarfundum vegna nýrrar dansstefnu verið frestað ítrekað síðastliðið ár. Um leið og samkomutakmarkanir leyfa, verður blásið til dansþings með danssamfélaginu vegna móturnar á nýrri stefnu. Vonandi verður þess ekki langt að bíða.

Mjög sérstakt dansár að baki

Árið 2020 fer í reynslubankann sem mjög sérstakt dansár. Vegna heimsfaraldursins félum ótal viðburðir niður og hörmungar geysuðu og geysa enn um allan heim. Í skugga faraldursins hefur dansinn orðið sýnilegri á netinu og nýjar leiðir tengdar danslist og rafrænu umhverfi hafa litið dagsins ljós, það verður að teljast jákvætt í annars ömurlegum aðstæðum. Dans er list augnabliksins þar sem tjáning án orða nær út fyrir öll landamæri. Engin landamæri liggja á netinu og var það sannarlega ljós í myrkri að geta fylgst með danstengdum viðburðum á netinu á liðnu ári. Fjöldi danstíma var kenndur í fjarkennslu á netinu og fóru margar dansæfingar fram heimavið á árinu.

Íslenski dansflokkurinn vann til virtra menningarverðlauna í Noregi

Íslenski dansflokkurinn náði að gera garðinn frægan í Noregi rétt áður en Covid hófst en verkið DuELs var frumsýnt í listasfninu Vigeland í Osló í febrúar 2020. Í lok árs hlaut verkið hin virtu menningarverðlaun Subjektpisen 2020 sem sviðsverk ársins. DuELs var unnið í samstarfi við norska dansflokkinn Nagelhys Schia Productions. Höfundar verksins eru þau Erna Ómarsdóttir og Damien Jalet. FÍLD óskar dansflokknum innilega til hamingju!

Nýjir listrænir stjórnendur tóku við hjá Reykjavík Dance Festival í haust

Síðastliðið haust tóku þau Brogan Davison og Pétur Ármannsson (Dance For Me) við sem listrænir stjórnendur RDF. FÍLD óskar þeim til hamingju með nýtt starf. RDF er ein af sex borgarhátíðum Reykjavíkurborgar og einn mikilvægasti vettvangur sjálfstæðra danslistarmanna í landinu. Megi hátíðin halda áfram að vaxa og dafna. Spennandi verður að fylgjast með þróun hátíðarinnar á komandi árum.

Danslistarmaður skipaður deildarforseti Sviðslistadeildar LHÍ í fyrsta sinn

Steinunn Ketilsdóttir tók við sem deildarforseti Sviðslistadeilda LHÍ í ágúst síðastliðnum og er það í fyrsta sinn frá stofnun skólans sem danslistarmaður gegnir því veigamikla hlutverki. FÍLD óskar Steinunni til hamingju og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi.

Vonum að árið 2021 verði gott og farsælt dansár fyrir okkur öll. Áfram íslenskur listdans!
f.h. stjórnar

Irma Gunnarsdóttir
formaður FÍLD